



XS

AÐ SJÁLFSÖGÐU!

Jafnaðarmenn í Hafnarfirði

„Ég er út um allt og allsstaðar“

Hildur Rós Guðbjargardóttir er í fjórða sæti lista Samfylkingarinnar í Hafnarfirði fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar. Hún er fróðleiksfús, svolítið hávær að eigin sögn og hlakkar til að verja sumrinu í útilegum í íslenski náttúru.

Hildur er lærður hársnyrtir og starfaði við það um tíma. Í vor lýkur hún B.Ed. námi frá Háskóla Íslands í grunnskólakennslu með áherslu á samfélagsgreinar. Hún starfar á Hrafnistu í Hafnarfirði, auk þess að gegna ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Samfylkinguna þar sem hún situr í framkvæmdastjórn, er formaður fræðsluráðs og varaformaður Bersans, ungra jafnaðarmanna í Hafnarfirði.

Hildur býr við Ölduslóð í Hafnarfirði með manni sínum Hermann Hermannssyni, starfsmanni Ískrafts og dætrunum Ragnheiði Adelu tíu ára, Svandísi Körlu átta ára og Anítu Röfn fjögurra ára. Hún lýsir sjálfri sér sem frekar harðgerðri og iðinni manneskju. „Ég er út um allt og allsstaðar, stundum svolítið hávær og meinfyndin. Oftast er ég þó frekar innhverf og næðissöm, ég hugsa að sambýlismaður minn myndi lýsa mér á þann hátt. Ætli ég sé ekki bara alveg jafn mikill „introvert“ og ég er „extrovert“. Vinkona mín lýsti mér sem rétt-sýnni, kraftmikilli, yndislega glaðværra og klárari en nokkur kona sem hún þekkir, það er ekki lítið! Ætli mínir helstu kostir séu ekki hversu reglusöm ég er og fylgin mér, en á móti er ég alveg ferlega óþolinmóð,“ segir Hildur aðspurð og bætir því við að henni hafi þótt þetta snúnar spurningar.

Hildur er fróðleiksfús og segir sitt helsta áhugamál vera fræðandi lestur. „Ég er með eitthvað undarlegt blæti fyrir því að lesa rannsóknir og skýrslur. Það þykir öllum í kringum mig alveg stórfurðulegt en bý í það minnsta yfir upplýsingum um allt og ekkert. Ég er mikill fræðari í mér og held að ég hafi valið mér réttan starfsvettvang.“

„Heimilisfólkið gefur mér meira en ég sjálf trú“

Hildur hefur starfað við aðhlyningu á Hrafnistu í Hafnarfirði í tvö ár. „Ég ætlaði bara að vinna þar eitt sumar en hef ekki hætt síðan, en ég held að það segi margt um hversu magnaður vinnustaðurinn er. Starfsandinn er góður og saman vinnur ólíkur hópur fólks á öllum aldri. Ég hef eignast marga vini og féлага í vinnunni og margir þeirra eru einstakar manneskjur, gefa mikið af sér til heimilisfólks og samstarfsfélaga og eru til staðar fyrir hvert annað eins og risastór fjölskylda. Álagið getur vissulega verið mikið bæði andlega og líkamlega, en það er erfitt að sjá fólk sem manni þykir vænt um þjást af veikindum eða þá kveðja þau í hinsta sinn. Það eru bara einhverjir töftrar á Hrafnistu, þar er maður alveg laus við áreiti umheimsins og ég kem oftar en ekki heim endurnærð á sálinni. Ég hef kynnst öllu litrófinu, en hver og einn íbúi er einstakur á sinn hátt. Sögur margra eru svo magnaðar og hvetja mig til



Hermann Hermannsson, Ragnheiður Adela Elmarsdóttir, Aníta Röfn Elmarsdóttir, Svandís Karla Elmarsdóttir og Hildur Rós Guðbjargardóttir.



Hildur Rós Guðbjargardóttir.

þess að fara eftir þeirra fordæmi í lífinu. Viskan, hlýðan og gleðin er hvergi jafn auðfundin og hjá fólkinu sem hefur lifað öll þessi ár og gengur nú sinn síðasta spöl. Sumir íbúanna hafa gefið mér miklu meira en ég get nokkurn tímann gefið þeim og að fá að vera til staðar fyrir þau er ómetanlegt.“

Kvöldverðurinn heilagur tími

Hildur á vini úr öllum áttum og þykir gaman að gera eitthvað skemmtilegt með þeim, en þó ver hún frítíma sínum helst með fjölskyldunni. „Við heimsækjum foreldra mína austur fyrir fjall, förum í sund og á sumrin erum við mikið í bústaðnum. Við eigum líka tjaldvagn sem við stefnum á að vera dugleg að nota eitthvað í sumar, en í útilegum gefast svo dýrmæt tækifæri til þess að vera úti í náttúrunni,“ segir Hildur og bætir því við að frítíminn hafi þó verið af skornum skammti síðustu misserin. „Þar sem ég er bæði í vinnu og skóla þarf að hafa gott skipulag til þess að allir boltar haldist á lofti, en við Hermann hjálpumst að við það. Þeir eru drjúgir allir þessir hversdagslegu hlutir á borð við að sækja, skutla, versla í matinn, sinna heimalærdómi barnanna og vonast til þess að geta náð örlítilli stund með börnunum eftir kvöldmat,“ segir Hildur, en fjölskyldan leggur mikið upp úr því að borða saman kvöldmat. „Stundum hjálpumst við að elda og stundum elda dætur okkar fyrir fjölskylduna með okkur sem aðstoðarmenn, en þær eru ótrúlega sjálfstæðar og flottar. Það er svo gott að setjast öll saman við kvöldverðarborðið og eiga gæðastund þar sem við spjöllum, spyrjum og hlustum á hvert annað, en það eru allt of fá tækifæri sem nútímafjölskyldur fá til þess. Þess vegna erum við enn harðari á þessu en ella.“

„Ég áttaði mig fljótt á því að Hafnarfjörður væri bærinn minn“

Hildur hefur búið í Hafnarfirði í tæp átta ár og segir þar sé gott að búa. „Ég flutti í Hafnarfjörð stuttu eftir að ég eignaðist mitt annað barn, keypti mína fyrstu

eign en þekkti í raun ekkert til. Ég áttaði mig fljótt á því að Hafnarfjörður væri bærinn minn, en ég hef búið á mörgum stöðum og get sagt með góðri samvisku að hér sé best að búa og ætla mér að vera það sem eftir er. Það eru einhverjir ólýsanlegir kraftar í Hafnarfirði. Fólk hér er einstakt og það tók mig ekki nokkra stund að eignast hér vini og kunningja. Félagsandinn er sterkur, samfélagið stendur saman og ég finn til öryggis fyrir börnin mín. Allt í kring eru útivistarperlur, stutt í flesta þjónustu og góð tækifæri fyrir börn til þess að stunda íþróttir- og tómstundir.“

Vill tryggja jöfn tækifæri og draga úr ójöfnuði

Hildur hefur starfað innan Samfylkingarinnar síðan 2016. „Ég byrjaði í pólitík þegar ég fann kjarkinn og trúna á því að ég hefði margt til málanna að leggja. Við tölum um ójöfn tækifæri fólks, en ég hef á minni stuttu ævi upplifað það á eigin skinni og ég veit að í samfélaginu eru stórir hópar sem eru í þeirri stöðu. Foreldrar í tekjulægstu hópnum, einstæðir foreldrar, fatlaðir, öryrkjar, aldraðir og börn er fólk sem við eigum öll að standa með. Mitt hjartansmál er að tryggja jöfn tækifæri og draga úr ójöfnuði þeirra hópa sem vegið er að. Til þess þarf sveitarfélagið að fylgja samþykktum samningum og löggjöfum. Enginn á að þurfa að sitja eftir, stuðningur við þá sem hann þurfa er að mínu mati grundvallatriði þess að samfélag blómstri. Hafnfirskir íbúar þurfa framsýna bæjarstjórn og breytingu á starfsháttum en slíkt er öruggt með Samfylkinguna í stjórn.“

Aðspurð hvar hún sér sjálfa sig eftir fimm ár segir Hildur; „Þá verð ég á öðru kjörtímabili mínu í bæjarstjórn, með mörg járn í eldinum og enn að fást við mál sem eru mér kær. Kannski verð ég enn að vinna á Hrafnistu eða þá að kenna og semja kennslufni. Ég stefni að minnsta kosti að því að vera hamingjusöm og ánægð með lífið,“ segir Hildur að lokum.

„Allt sem nærir líkama og sál er mín hugleiðsla“

Kolbrún Magnúsdóttir vermir sjötta sæti Samfylkingarinnar í Hafnarfirði fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Ástríða hennar liggur í því að vinna með fólki en þó er ekkert sem nærir hana frekar en reglubundin og fjölbreytt hreyfing.

Kolbrún starfar við mannauðsmál í dag og líkar vel. Hún er menntaður hársnyrtir, er einnig með Bsc. gráðu í viðskiptafræði og M.Sc. gráðu í mannauðsstjórnun. Þá hefur hún lokið bæði grunn- og framhaldsnámi í markþjálfun og hefur alþjóðlega vottun í greininni. Kolbrún starfaði sem fræðslustjóri Bláa lónsins um fimm ára skeið og hefur komið að kennslu í markþjálfanámi Profectus og er formaður ICF Iceland, sem er markþjálfafélag á Íslandi. Síðasta árið hefur hún gegnt starfi mannauðsráðgjafa hjá Hafnarfjarðarbæ en færir sig um set næstu mánaðamót og verður mannauðsstjóri hjá Klettabæ í Hafnarfirði.

Hellisgerði í uppáhaldi

Rætur Kolbrúnar liggja í Hafnarfirði þar sem hún ólst upp og býr í dag. „Ég er gift Bjarna Geir Gunnarssyni sem starfar sem þjónustustjóri á upplýsingatækni sviði Íslandsbanka. Saman eigum við börnin Natan Snæ Bjarnason, 22 ára og Thelmu Ósk Bjarnadóttur, 17 ára en til viðbótar eigum við tengdadótturina Ágústu Ýr Óskarsdóttir 20 ára.“ segir Kolbrún, en þau Bjarni hafa verið saman í 27 ár. „Eftir að við hófum búskap höfum við lengst af búið á Völlumum þar sem við höfum komið okkur vel fyrir. Börnin gengu bæði í Hraunvallaskóla en Natan Snær stundar nú nám í húsasmíði við Tækniskólann í Hafnarfirði, Thelma Ósk var að hefja sína menntaskólagöngu við Flensborgarskóla og Ágústa Ýr er stúdent frá Flensborg og starfar nú í Hraunvallaskóla.“ segir Kolbrún. „Mér hefur alltaf liðið vel í Hafnarfirði, hér er rólegt og notalegt og frábært að ala upp börn. Á sama tíma er stutt í alla þjónustu og fjölbreytta skemmtun og menningarviðburði. Ekki skemmir fyrir að hafa falleg útivistarsvæði í túnfætinum, á borð við Hvaleyrarvatn, Helgafell og Hellisgerði, sem einmitt var einn af mínum uppáhalds stöðum þegar ég var barn.“ segir Kolbrún, sem er ánægð með bæinn sinni.

Með sjúklega smitandi hlátur

Kolbrún lýsir sjálfri sér sem metnaðarfullri og drífandi manneskju sem stöðugt stefnir að því að gera betur í dag en í gær. „Ég er forvitin og áhugasöm um lífið og leitast við að láta gott af mér leiða og hafa áhrif til góðs. Ætli mínir helstu kostir séu ekki hversu lausnamiðuð ég er, en einnig tel ég mig hugrakka, jákvæða, þrautseiga, með góðan humor og er alltaf til staðar fyrir fólkið mitt. Gallar já, ætli það sé ekki bara þegar kostir mínir snúast upp í andhverfu sína. Vinir mínir lýsa mér sem hvers manns hugljúfa, léttlyndri, lausnamiðaðri, metnaðarfullri og hvetjandi. Einnig segja þeir mig góða fyrirmynd,



Bjarni Geir Gunnarsson, Kolbrún Magnúsdóttir, Thelma Ósk, Natan Snær og Ágústa Ýr.



Kolbrún Magnúsdóttir.

hvort sem það er sem móðir, vinkona eða samstarfsfélagi, en það þykir mér einstaklega vænt um. Já og að ég sé með með sjúklega smitandi hlátur sem komi öllum í gott skap.“ segir Kolbrún og hlær sínum dillandi hlátri.

Mikilvægt að þakka fyrir litlu hlutina í lífinu

Kolbrúnu finnst gott að stunda hreyfingu úti í nátturunni en þykir einnig notalegt að setjast niður með bók eða hlutsa á góða hljóðbók. „Það gefur mér mikið að eiga góðar stundir með fjölskyldu og vinum en ég hef líka þörf fyrir að vera stundum ein með sjálfri mér. Það skiptir mig miklu máli að hlúa vel að mér og það geri ég með reglulegri hreyfingu, bæði á líkamsræktarstöð og úti í nátturunni. Ég fer í göngur, hjóla, á skíði og í golf. Með þessu hleð ég batterið og tæmi hugann, lausnirnar koma til mín eða þá nýjar hugmyndir. Allt sem nærir líkama og sál er mín hugleiðsla.“ segir Kolbrún.

Ástríðan liggur í mannauðsmálunum

Segja má að Kolbrún hafi valið hárrétta leið í námi og starfi, en hún segir ástríðu sína liggja í því að vinna með fólki. „Að fá tækifæri til að sjá fólk eflast og ná góðum árangri í því sem það gerir, það er ástæða þess að ég valdi að starfa í mannauðsmálum. Markþjálfanámið er góð viðbót, en hún gengur út á öfluga samtalstækni og faglegan vöxt einstaklinga. Ég hef í mínum störfum komið að fjölbreyttum verkefnum, eins og innleiðingu á nýjum verkferlum og kerfum, ýmsum umbótaverkefnum, ráðgjöf og leiðsögn til stjórnenda í starfsmannamálum, ráðningum, haldið kynningar og verið með námskeið og framleiðslu á fræðsluefni, bæði fyrir stafræna fræðslu og í hefðbundinni kennslu.“

Kemur sér ekki undan góðum áskorunum

Kolbrún segir það oft hafa hvarflað að sér að hella sér í bæjarpólitíkina þó úr því hafi ekki orðið fyrir en

nú þegar kallið kom. „Í ársbyrjun var ég hvött til að bjóða mig fram og þá var ekki aftur snúið, ég kem mér ekki undan góðum áskorunum. Það gefur mér mikið að vinna með fólki og sjá nýjar hugmyndir verða að veruleika. Í bæjarpólitíkinni get ég haft áhrif til góðs í okkar dásamlega sveitarfélagi og einnig að bærin okkar verði enn eftirsóknarverði staður til að búa á. Mannauður er lykillinn að góðum árangri og mikilvægasta auðlindin sem við eigum og því grundvallaratriði að hlúa vel að honum. Þá þurfa innviðirnir að vera góðir og styðja við fólkið sem þarf á ólíkri þjónustu að halda.“ segir Kolbrún, en meðal hennar áherslumaála er einmitt að tryggja jöfn tækifæri allra barna og ungmenna að íþrótt- og tómstundastarfi. Einnig vill hún efla þjónustu fyrir eldri borgara með áherslu á uppbyggingu hjúkrunarheimila, hjúkrunarrýma, dagdvalar þjónustu og félagsstarf. „Svo vil ég styðja enn frekar við heilsuþæningu Hafnarfjörð, með áframhaldandi uppbyggingu á hjóla- og göngustígum og uppbyggingu útivistarsvæða eins og við Hvaleyrarvatn. Þá tel ég nauðsynlegt að efla skilvirkni í skipulagsmálum, fjölga úthlutun lóða og efla uppbyggingu á íbúðum og tryggja þannig jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Til að ná góðum árangri skiptir öllu máli að halda samtalinu gangandi, heyra raddir bæjarbúa og greina hvað mestu máli skiptir til að ná settu marki þar sem ávinningur heildarinnar er hafður að leiðarljósi.“ segir Kolbrún.

Þegar Kolbrún er að lokum spurð hvar hún sjái sjálfa sig eftir fimm ár stendur ekki á svari; „Að njóta lífsins og vinna við það sem ég elska og láta gott af mér leiða. Hvar það verður veit ég ekki, en það er einmitt það sem er svo spennandi við þetta líf, að hafa tíma og rými til að sinna mínum áhugamálum og leggja rækt við samverustundir með fjölskyldu og vinum.“

„Verum saman í sókn“

Það er mikill munur á því að koma hlutum í framkvæmd; klára málið og svo hins að langa til einhvers. Það er himinn og haf á milli þess að gera hlutina hratt og örugglega og svo þess að vilja einhvern tímann gera eitthvað.

Þetta er munurinn á aðkomu Jafnaðarmanna, Samfylkingarinnar í Hafnarfirði að brýnum verkefnum í Hafnarfirði og sitjandi meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Við jafnaðarmenn ætlum í verkin og klára þau meðan núverandi stjórnendur síðustu átta ár, spá og spekulera og verkefni sitja á hakanum.

Verkin sýna merkin

Við jafnaðarmenn munum einfaldlega láta verkin tala á öllum sviðum, þar sem þörf er á að taka til hendi. Hafnfirðingar munu strax verða varir við breytt verklag og endurbætt vinnubrögð að afloknum kosningum, þegar jafnaðarmenn verða kallaðir til starfa við stjórn bæjarins. Þar munu verkin sýna merkin fljótt og vel.

Við munum ekki víkjast undan erfiðum málum heldur finna á þeim lausn. Við munum ekki festast í endalausum undirbúningi, athugunum, endurskoðun og fálæti gagnvart hagsmunum hópa og einstaklinga í bænum okkar góða. Við jafnaðarmenn munum fara í málin og koma þeim áfram til afgreiðslu.

Við jafnaðarmenn göngum glöð og bjartsýn til komandi kosninga. Við erum mætt til leiks svo um munar og bjóðum fram breiðan og öflugan lista frambjóðenda af báðum kynjum, öllum aldri með fjölbreytta reynslu í farteskinu.

Verum samferða

Okkar fólk er reiðubúið í verkin með bæjarbúum þar sem framsýni og verkgleði mun ráða ríkjum.

Vertu með okkur í endurbótunum, þar sem við gerum Hafnarfjörð að fyrirmyndarsveitarfélagi á sem allflestum sviðum. Meirihluti bæjarbúa er jafnaðarfólk í hjarta. Við bjóðum alla velkomna í sóknina fyrir Hafnarfjörð. Verum samferða.

Nú er tækifærið. Notum það vel.



Guðmundur Árni Stefánsson
oddviti Samfylkingarinnar,
Jafnaðarmannaflokks Íslands

Vissir þú...?

...að Hafnfirðingar eru oft kallaðir Gaflarar, þar sem bæjarbúar stóðu gjarnan undir galfi, endavegg, húsa í miðbænum og ræddu lífsins gagn og nauðsynjar. Þetta var ekki síst algengt á kreppuárunum þegar litla vinnu var að hafa. En heitið Gaflari festist við Hafnarfjörð og telst nú orðið virðingarheiti.

...að Hafnarfjörður er kallaður íþróttabærinn. Ástæðan er stórgóð frammistaða okkar íþróttafólks sem hefur skarað fram úr í fótbolta, handbolta, golfi, fimleikum, frjálsum íþróttum, körfubolta, hestaíþróttum og öðrum greinum. Hafnfirðingar eru alltaf í fremstu röð. Jafnaðarmenn hafa ávallt stutt myndarlega við uppbyggingu íþróttamannvirkja og munu gera það á komandi kjörtímabili.

...að meðalaldur frambjóðenda Samfylkingarinnar í Hafnarfirði fyrir komandi kosningar eru 45 ár. Ef aðeins eru tekin fyrstu 8 sæti, þá er meðalaldurinn 43 ár. Jafnaðarmenn í Hafnarfirði sýna breidd í framboði sínu, ekki aðeins í aldri, heldur einnig hvað varðar konur og karla og starfstéttir.

Kosningastjórinn og verkefnastjórinn

Samfylkingin í Hafnarfirði hefur ráðið til sín Tryggva Rafnsson leikara til þess að halda utan um kosningastjórn flokksins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Tryggvi er menntaður leikari frá Rose Bruford háskólanum í London og hefur síðastliðin ár vakið athygli og verið vinsæll veislustjóri og skemmtikraftur ásamt því að sinna verkefnum tengdum leiklist. Tryggvi hlaut auk þess viðurkenningu sem Hafnfirðingur ársins 2021.

Flokkurinn hefur einnig fengið Gauta Skúlason verkefnastjóra hjá nokkrum aðildarfélögum BHM til þess að taka að sér verkefnastjórn fyrir kosningarnar en hann skipar 11. sæti á lista flokksins fyrir kosningarnar í maí.



Tryggvi Rafnsson



Gauti Skúlason

„Nú er tækifæri“

Kæru Hafnirðingar, nú er tækifæri

Tækifæri til að gefa ungu fólki orðið og virkja ungt fólk í stjórn bæjarins. Það gera sér ekki allir grein fyrir því hve margir koma að stjórnkerfinu frá hverjum flokki í formi nefndarsetu og annara verka. Það er því gríðarlegt fagnaðarefni fyrir mig sem formann UJ í Hafnirfirði að benda á að fimm af efstu 12 sætum á lista Samfylkingarinnar í Hafnirfirði eru undir 35 ára! Við það bætist svo heiðursfélagi Bersans, Jón Grétar í 8. sætið.

Samfylkingin teflir því ekki bara fram reynslu í komandi kosningum heldur fær ungt fólk verðskuldað pláss í baráttunni, nefndum og umræðunni. Sjaldan hefur verið jafn mikilvægt að

vera með ungar raddir og nú, þegar við þurfum að gera Hafnirfjörð að raunverulegum kosti fyrir ungt fólk aftur.

Ungt fólk kallar eftir

- Átaki í húsnæðismálum
- Samvinnu í skólamálum
- Grænum lausnum í umhverfismálum

Tækifærið er núna, svörum kallinu og kjósum ungt fólk í stjórnkerfi bæjarins.

Gunnar Þór Sigurjónsson

Formaður Bersans -
Ungra Jafnaðarmanna í Hafnirfirði



Það er skemmtilegt að vera í framboði



Fyrstu átta á lista, f.v.

Guðmundur Árni Stefánsson, Árni Rúnar Þorvaldsson, Auður Brynjólfsdóttir, Sigrún Sverrisdóttir, Hildur Rós Guðbjargardóttir, Stefán Már Gunnlaugsson, Jón Grétar Þórsson og Kolbrún Magnúsdóttir.

Þann 12. febrúar sl. fór prófkjör Samfylkingarinnar í Hafnirfirði fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar fram. 962 einstaklingar greiddu atkvæði í prófkjörinu og er framboðslisti flokksins í Hafnirfirði, sem samþykktur var samhljóða með lófataki á félagsfundi 7. mars sl. í aðalatriðum byggður á niðurstöðum prófkjörsins.

„Jafnaðarfólk - stöndum saman“

Við í Samfylkingunni ætlum okkur stóra hluti í kosningunum í vor enda höfum við á að skipa gríðarlega öflugum framboðslista sem ætlar sér að taka til hendinni strax að loknum kosningum.

Þegar við höfum tekið við stjórn bæjarins munum við finna lausnir á erfiðum málum og láta verkin tala í þágu allra bæjarbúa.

Það er gríðarlega mikilvægt að eftir kosningar taki við nýr meirihluti, leiddur af Samfylkingunni. Sjálfstæðismenn hafa verið í meirihluta undanfarin tvö kjörtímabil en á yfirstandandi kjörtímabili hefur Framsókn starfað með þeim í

meirihluta. Þessi tími hefur einkennst af stöðnun í uppbyggingu, afturför í velferðarmálum og sölu almannaeygna til þess að bjarga lélegri fjármála- stjórn Sjálfstæðisflokksins. Af þessari braut verður að víkja og það verður aðeins gert með stuðningi við Samfylkinguna í kosningunum 14. maí.

Hafnarfjörður er jafnaðarmannabær. Kosningarnar 14. maí eru tækifæri til þess að breyta um stefnu í Hafnarfirði. Nýtum það tækifæri jafnaðarfólk. Saman stöndum við sterk.

Árni Rúnar Þorvaldsson

Skipar 3. sætið á lista Samfylkingarinnar



Næstu viðburðir

Laugardagur, 2. apríl 2022

Kristrún Frosta og húsnæðismál.

Laugardagur, 2. apríl 2022

Partý hjá Bersanum, ungum jafnaðarmönnum í Hafnarfirði.

Þriðjudagur, 5. apríl 2022

Kynning á stefnuskrá XS í Hafnarfirði.

Laugardagur, 9. apríl 2022

Partý (nánar auglýst síðar).

Sunnudagur, 10. apríl 2022

Páskabingó fyrir fjölskylduna.

ATH! Nánari upplýsingar um viðburði og tíma- setningar verða auglýstar á Fésbókarsíðu Samfylkingarinnar í Hafnarfirði.

Kaffi og spjall

Við bjóðum gestum og gangandi uppá kaffi og spjall.

Öll velkomin!

Opnunartími í Samfylkingarhúsinu

í Hafnarfirði, Strandgötu 43

Virkir dagar:

16:00 til 18:00.

Laugardagar:

12:00 til 16:00.

Vissir þú...?

...að árið 2020 fækkaði íbúum Hafnarfjarðar um tæplega 300 sem var met það árið yfir landið allt.

...að yfir 100 umsóknir eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði. Að þau sem eru á biðlista hafa ekki hugmynd um hvar í röðinni það er á listanum.

...að hjá Hafnarfjarðarbæ starfa rúmlega 2000 starfsmenn og á mannauðssviði starfa aðeins þrír starfsmenn.

...að á kjörtímabilinu hafnaði meirihlutinn tillögum Samfylkingarinnar um niðurgreiðslu strætókorta fyrir börn að 18 ára.

Við erum mætt til leiks

Ýmsar myndir úr öflugu starfi flokksins í Hafnarfirði þessa daganna



Okkar fólk



1. Guðmundur Árni Stefánsson
Fyrirv. bæjarstjóri í Hafnarfirði, 66 ára.



2. Sigrún Sverrisdóttir
Bæjarfulltrúi og hjúkrunarfræðinemi, 44 ára.



3. Árni Rúnar Þorvaldsson
Grunnskólakennari og vara-bæjarfulltrúi, 45 ára.



4. Hildur Rós Guðbjargardóttir
Kennaranemi og starfsmaður á Hrafnistu, 29 ára.



5. Stefán Már Gunnlaugsson
Héraðsprestur og varabæjarfulltrúi, 48 ára.



6. Kolbrún Magnúsdóttir
Mannauðsstjóri, 44 ára.



7. Auður Brynjólfssdóttir
Starfsmaður á leikskóla, 26 ára.



8. Jón Grétar Þórssón
Starfsmaður hjá félagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, 39 ára.



9. Gunnar Þór Sigurjónsson
Upplýsingaöryggisstjóri, 28 ára.



10. Helga Þóra Eiðsdóttir
Markaðsfræðingur, 59 ára.



11. Gauti Skúlason
Verkefnastjóri hjá fimm aðildarfélagum BHM, 28 ára.



12. Gundega Jaunlinina
Starfsmaður hjá verkalýðsfélaginu Hlíf, 36 ára.



13. Snædis Helma Harðardóttir
Háskólanemi í þroskaþjálfun og leikskólstarfsmaður, 21 árs.



14. Símon Jón Jóhannsson
Framhaldskólakennari í Flensborg, 64 ára.



15. Inga B. Margrétar Bjarnad.
Starfsmaður hjá Þroskahjálpi, 28 ára.



16. Guðbjörg Norðfjörð Elíasd.
Aðstoðarskólastjóri í Hraunvallaskóla, 49 ára.



17. Reynir Ingibjartsson
Rithöfundur, 81 árs.



18. Sigurjóna Hauksdóttir
Háskólanemi í uppeldis- og menntunarfræði, 20 ára.



19. Gylfi Ingvarsson
Eldri borgari og vélvirki, 77 ára.



20. Sigrid Foss
Fótáaðgerðafræðingur, 68 ára.



21. Steinn Jóhannsson
Rektor Menntaskólans við Hamrahlíð, 53 ára.



22. Adda María Jóhannsdóttir
Bæjarfulltrúi og framhaldskólakennari, 55 ára.



Samfylkingin í Hafnarfirði

Strandgötu 43

xshafnarfjordur@xshafnarfjordur.is

779 2465